

# Þingsályktun

**um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn.**

---

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2002 frá 6. desember 2002, um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/39/EB frá 10. júní 2002, um breytingu á tilskipun 97/67/EB með tilliti til þess að opna pósthjónustu bandalagsins enn frekar fyrir samkeppni.

---

*Samþykkt á Alþingi 13. mars 2003.*